

RE: Tankur – útilistaverk: Niðurfelling afgreiðslu- , byggingarleyfis- , og gatnagerðargjalda

Til : Simbahöllin <simbahollin@gmail.com>
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
CC : ottarfreyr@gmail.com <ottarfreyr@gmail.com>;Erna Höskuldsdóttir <ernaho@isafjordur.is>
Heiti : RE: Tankur – útilistaverk: Niðurfelling afgreiðslu- , byggingarleyfis- , og gatnagerðargjalda
Málsnúmer : 2019040026
Málsaðili : Pálmar Kristmundsson
Skráð dags : 24.11.2021 11:28:00
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sæll

Ég geri það.

Jafnframt, viltu upplýsa mig um framgang verksins, með hliðsjón af 2. og 4. gr. í samningnum, þ.e. hvað þið eruð komin langt og hvenær áætlað er að ljúka 2. og 3. áfanga?

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs / bæjarritari

From: Simbahöllin

Sent: mánudagur, 22. nóvember 2021 18:35

To: Bryndís Ósk Jónsdóttir

Cc: Ottar Gislason ; Erna Höskuldsdóttir

Subject: Tankur – útilistaverk: Niðurfelling afgreiðslu- , byggingarleyfis- , og gatnagerðargjalda

Hi Bryndís,

Can you deliver this erindi to bæjarstjórn please.

Takk.

W.

Berist til:

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Efni:

Tankur – útilistaverk: Niðurfelling afgreiðslu- , byggingarleyfis- , og gatnagerðargjalda

Framkvæmdir við Tankinn ganga vonum fram. Í sumar var Tankurinn fluttur frá Bakka, þar sem hönnun og fyrsti hluti framkvæmdarinnar fór fram. Það var mikið gleðiefni að sjá Tankinn rísa á ný á Þingeyri og nú í nýjum og breyttum búningi og með nýtt og spennandi hlutverk. Þá er óhætt að segja að viðtökurnar hafa verið mjög jákvæðar, bæði hjá heimaþólki og eins þeim sem sóttu Þingeyri heim í ár.

Þann 15. júní á þessu ári barst félaginu sem stofnað var í tengslum við Tankinn greiðsluseðill frá Ísafjarðarbæ að upphæð 2.636.786. Um er að ræða innheimtu vegna afgreiðslugjalds, byggingarleyfisgjalds og gatnagerðargjalds.

Félagið greiddi nýverið umræddan greiðsluseðil, en samkvæmt samningi Ísafjarðarbæjar og félagsins mun Tankurinn verða eign Ísafjarðarbæjar að framkvæmdum loknum. Tankurinn er af þeim sökum ekki hefðbundin framkvæmd einkaaðila, heldur er hér um að ræða framkvæmd á vegum félags sem sett var upp í þeim eina tilgangi að tryggja fjármögnun og framkvæmd verksins og án alls fjárhagslegs ávinnings. Útkoma verkefnisins, Tankur – útilistaverk, verður þar að auki eign Ísafjarðarbæjar þegar því er lokið.

Í ljósi þessa er hér með óskað eftir því að umrædd gjöld verði felld niður.

Fyrir hönd stjórnar Tanksins – félag.

Virðingarfyllst,

Wouter Van Hoeymissen